

Hrafnista, 6. október 2020

Tilkynning frá Neyðarstjórn Hrafnistu

Öllum Hrafnistuheimilunum átta hefur verið lokað fyrir heimsóknir næstu tvær vikurnar frá og með kvöldinu í kvöld. Í ljósi fjölda smita í samfélaginu og þess að smit eru farin að berast inn á hjúkrunarheimilin er ljóst að bregðast þarf við með enn harðari aðgerðum til að vernda viðkvæman hóp heimilanna.

Eingöngu verða veittar undanþágur í tilfellum þar sem um alvarleg veikindi er að ræða eða ef einstaklingur er kominn á lífslokameðferð.

Við þökkum kærlega fyrir þann skilning og hlýhug sem íbúar og aðstandendur hafa hingað til sýnt í orði og verki.

Baráttukveðjur áfram,

Með vinsemd og virðingu,

Neyðarstjórn Hrafnistu.